

Fundargerð stjórnarfundar Austurbrúar 25. apríl 2025 kl. 09:30 – 10:10 á Teams

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eypór Stefánsson, Jón Björn Hákonarson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Sæunn Stefánsdóttir og Díana Mjöll Sveinsdóttir.

Forföll: Jóhann F. Þórhallsson og Stefán Þór Eysteinnsson boðuðu forföll.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri og Urður Gunnarsdóttir (fundarritari)

Dagskrá Austurbrúar nr. 160

1. Fundargerð stjórnarfundar [nr. 159](#) (til kynningar)
2. Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra
Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál í starfi Austurbrúar og vísaði í [Fréttabréf Austurbrúar](#).
3. Ársfundur og málþing
 - Ársfundur Austurbrúar verður haldinn 9. maí á Eiðum kl. 11:00 – 12:00
 - Hádegisverður á Eiðum
 - Málþingið Fjölmennara Austurland kl. 13:00 – 15:00

Farið var yfir skipulag fundarins og kynnt efni málþingsins, þar sem Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur við HA spáir í efnahagspilan fyrir Austurland og Vífill Karlsson fjallar um hvað gerir samfélög fýsileg að búa í. Þá munu þeir ungir Austfirðingar ræða hvað þarf að vera til staðar til að þau sjái framtíð fyrir sér á Austurlandi

4. Staðfesting á verklags- og siðareglum
 - Siðareglur
 - Verklagsreglur stjórnar
 - Verklagsreglur starfsháttanefndar
 - Verklagsreglur fagráðs
 - Tillaga starfsháttanefndar um kjör í starfsháttanefnd og siðanefnd

Farið var yfir uppfærðar siðareglur og verklagsreglur eftir yfirferð starfsháttanefndar. Samþykkt að leggja þær fram til staðfestingar á ársfundum. Rætt var að skýra mætti betur orðalag er varðar vanhæfi í verklagsreglum stjórnar en það er byggt er á lögum um sjálfseignarstofnanir. Samþykkt var að framkvæmdastjóri taki þetta upp við starfsháttanefnd sem geri tillögu að skýrara orðalagi.

5. Önnur mál.

- Umræða um almenningssamgöngur og hvaða breytingar stæðu til varðandi þær hjá Vegagerðinni 2026. Rætt mikilvægi þess að fylgst væri vel með mögulegum breytingum á almenningssamgöngum, svo bregðast mætti við þeim ef þurfa þykir.
- Sæunn Stefánsdóttir tilkynnti að hún muni ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn og þakkaði gott samstarf sem staðið hefur í rúman áratug. Sæunni voru þökkuð góð störf og samvinna.

Fundi lauk kl. 10:10

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir

Jón Björn Hákonarson